

**Ed.**

**275. Nefndarálit**

[61. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Holt í Dyrhóla-  
hreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Mál þetta er orðið margkunnugt hér á þingi og hefur verið til meðferðar ár  
eftir ár, en aldrei hlotið lokaafgreiðslu.

Á síðasta þingi var það samþykkt í efri deild, og meiri hl. landbn. neðri deildar  
gaf út um það nefndarálit og mælti með samþykkt þess. Engu að síður dróst af-  
greiðsla þess undan.

Enn er málið til meðferðar hér á þingi, og hefur landbn. deildarinnar fjallað um  
það, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess fremur en áður. Vill meiri hlutinn  
fella málið eða vísa því frá, en við, sem minni hlutann skipum, leggjum til, að frv.  
verði samþykkt.

Rökin, sem fram hafa verið færð í nefndinni fyrir því, að jörð þessi skuli ekki  
seld, eru þau, að hún liggi milli tveggja annarra ríkisjarða og að sala hennar kljúfi  
í sundur landareign ríkisins.

En hér er um sjálfstæð lögbýli að ræða, og hvergi annars staðar hefur þess orðið  
vart, að stefnt væri sérstaklega að því af stjórnvalda hálfu, að ríkið dragi undir sig  
eða kappkosti að halda í sinni eigu samfelldri eign jarða vegna búnytja einna saman,  
svo að tæpast verður það tekið alvarlega, að sú óvenjulega andspyrna, sem mál þetta  
hefur mætt á Alþingi nú á síðustu árum, eigi sér þau ein rök, sem fram eru flutt.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því, að ríkisstjórninni verði heimilað að selja fyrri  
eiganda, Jóhönnu Sæmundsdóttur, jörð þessa. Hún var ásamt bónda sínum, Þor-  
steini Einarssyni, eigandi og ábúandi jarðarinnar, allt þar til ríkið ákvað fyrir-  
hleðslur og breytingar á vatnasvæði jarðarinnar, þannig að veitt skyldi saman ánum  
Hafursá og Klifandi vegna brúargerðar. Þá var talið, að jörðin yrði ekki lengur byggi-  
leg, en ríkið gerðist kaupandi að henni. Allt um það hélt Jóhanna þó ábúð á Holti,  
og hún og hennar fólk hefur jafnan nýtt jörðina, þótt það yrði sér úti um aðra  
jörð til ábýlis í nágrenninu. Raunar voru Jóhönnu og hennar heimili meinuð af-  
not jarðarinnar um skeið með lögbanni að kröfu jarðeignadeildar ríkisins. Því lög-  
banni var síðan hrundið með dómi.

Nú, þegar ljóst er orðið, að ágangur vatns á Holt er minni en óttast var í fyrstu,  
virðist eðlilegt, miðað við þá stefnu, sem ríkt hefur um kaup og sölu á ríkisjörðum,  
að fyrri eiganda sé gerður kostur á að eignast jörðina að nýju.

Alþingi, 23. jan. 1970.

Karl Guðjónsson,  
frsm.

Páll Þorsteinsson.

Ásgeir Bjarnason.